

# Ársskýrsla Öldungadeildar

Aðalfundur haldinn þann 27.2.2020

Yfirlýst meginmarkmið Öldungadeildarinnar er að vinna að varðveislu sögulegra minja, sem tengjast tölvuvinnslu á Íslandi. Eins og segir í 2. grein samþykktu hennar:

*Tilgangur og verkefni faghópsins er varðveisla sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi. Þetta felur meðal annars í sér að skrá sögu upplýsingatækninnar og að stuðla að því að varðveittur verði búnaður sem þýðingu hefur fyrir söguna.*

Þetta er göfugt markmið, en hvernig hefur til tekist?

Gefin var út bókinn „Tölvuæðing í hálfu öld“ sem spannar sögu upplýsingatækni á Íslandi fyrir tímabilið 1964-2014 og er það virkilega vel heppnað verk.

Einnig hafa verið varðveittir gamlir minjagripir frá árunum 1964-2000, á alls 35 vörubrettum! Samið var við Nýherja/Origo sem af mikilli rausn veitti okkur afnot af lagerplássi fyrir þessa muni um ótilgreindan tíma. Ber að þakka fyrir það. Nú þrýsta stjórnendur hinsvegar á okkur að losa þetta pláss, helst fyrir næstu áramót.

Öldungadeildin glímir því við hálfgerða tilvistarkreppu í dag, þar sem geymslupláss vantar fyrir sögulegar minjar, bæði fyrir þá muni sem þegar hafa verið varðveittir og fyrir áframhaldandi söfnun slíkra gripa. Að auki vantar verkstæðisaðstöðu og stað/staði til að sýna valda safngripi.

Hugmyndir hafa komið fram um skráningu minja í miðlægan gagnagrunn, en að eigendur geymi gripina hver fyrir sig. Þetta gæti orðið góð lending varðandi nýja safngripi, en leysir ekki vandann fyrir eldri búnað þegar við flytjum frá Origo.

Ein raunhæf leið er að grisja rösklega það safn sem þegar er til. Hægt væri að ljósmynda þá hluti sem ákveðið verður að henda, til að eitthvað sé til um þá. Einnig mætti skilgreina þrengri valforsendur, þegar ákveða þarf hvort skuli henda eða halda tilteknum grip. Nú er miðað við að hlutir séu minnst 20 ára gamlir og hafi haft marktæk áhrif á tölvuvinnslu í atvinnulífinu.

Öldungaráðið fundaði tvisvar á „kjörtímabilinu“ þar sem þessi mál voru rædd í þaula. Ákveðið var að reyna samningaleiðina við Origo, t.d. að losa um hluta safnsins og/eða borga hóflega leigu (sem kallar á fjármögnun með einu eða öðrum hætti). Einnig var ákveðið að leita logandi ljósi að nýju geymsluplássi fyrir núverandi safn.

Aðrar góðar hugmyndir um lausn þessa vanda, eru ávallt vel þegnar!

**Stjórn Öldungadeildarinnar**